

Fyrirlestur Barbara Jaworski: Getur stærðfræðikennsla verið tæki til að efla mannréttindi?

Fimmtudaginn 6. júní heldur Barbara Jaworski prófessor í stærðfræðimenntun við Háskólann í Loughborough í Bretlandi opinn fyrirlestur um stærðfræðináms og -kennslu á vegum Flatar, samtaka stærðfræðikennara og Rannsóknarstofu um stærðfræðimenntun við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.



Stærðfræði hefur reynst mörgum nemendum erfið og oft verið talið að það sé einungis á færi sumra að verða góðir í stærðfræði. Í erindinu fjallar Barbara um rétt allra til að skilja stærðfræði og geta notað hana til þess leysa viðfangsefni sem mæta þeim í lífi og starfi. Hún beinir sjónum sérstaklega að kennslu, hvað það merkir að kenna stærðfræði, hvað einkennir góða stærðfræðikennslu og hvernig góð kennsla getur þróast til að styðja við nám allra nemenda.

Fyrirlesturinn verður í Bratta í húsnæði menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð fimmtudaginn 6. júní kl. 15-16 og eru allir velkomnir.

